

Ræða formanns Viðskiptaráðs Íslands

Katrín Olga Jóhannesdóttir

Forsætisráðherra, aðrir ráðherrar, þingmenn, aðildarfélagar Viðskiptaráðs og aðrir góðir gestir – komið þið sæl og verið hjartanlega velkomin á Viðskiptaþing

Það er með fiðring í maganum sem ég segi hér straumhvarfaþing Viðskiptaráðs Íslands árið 2018 formlega sett. Tímarnir framundan eru ófyrirsjáanlegir en jafnframt fullir af tækifærum. Daglegt umhverfi okkar hefur tekið stakkaskiptum með tilkomu nýrrar tækni sem smám saman hefur smogið inn í daglegt líf okkar.

Heimurinn hefur því aldrei verið opnari og aðgengilegri. Allt hefur þetta áhrif á þróun viðskipta sem og uppbyggingu fyrirtækja. Fyrirtækjarekstur hér á landi er ekki undanskilinn og hafa síðastliðin misseri verið mörkuð umræðu af um breytta samkeppni í breyttum heimi. Erlend stórfyrirtæki hafa tekið sér bólfestu á okkar litla markaði með tilheyrandi áhrifum og fyrirtæki hvaðanæva að úr heiminum bjóða vörur sínar hér á landi í gegnum netið. Ísland er því ekki lengur eyland nema að nafninu til – samkeppnin hefur því aldrei verið meiri og landamæralausari.

Það er á þessum tímum sem gott er að minni sig á sögu viðskipta á Íslandi sem markast hafa af miklum sveiflum, höftum á verslun og viðskipti, krepnum og endalausri umræðu um gjaldmiðlamál. Ekki þarf að líta lengra en til mars á síðasta ári þar sem ein viðamesta ákvörðun þessa áratugar var tekin; að afnema gjaldeyrishöft. Ísland hefur sýnt heimsbyggðinni að við höfum risið úr öskustó hrunsins, með dugnaði og elju. Enda hefur hagvöxtur á Íslandi verið mun meiri en í nær öllum þróuðum ríkjum síðustu ár og því ber að fagna. En huga þarf að sjálfbærni slíks hagvaxtar og horfa lengra fram í tímann, læra af sveiflukenndri reynslu okkar Íslendinga í efnahagsmálum og búa í haginn.

Viðskiptaráð Íslands hefur undanfarin ár haft skýrslu McKinsey að leiðarljósi í störfum sínum og mun áfram huga að mörgum þeim lykilþáttum sem þar komu fram, t.a.m. aukinni framleiðni og að styrkja stoðir atvinnulífsins og að fjölga þeim.

Það er ágætt að rifja upp og minna á hlutverk Viðskiptaráðs Íslands. En það er fyrst og fremst að því að gæta hagsmuna viðskiptalífsins, stuðla að hagfelldu skattaumhverfi, lágmarka afskipti hins opinbera og auka samkeppnishæfni. Það kemur einnig skýrt fram í lögum ráðsins að Viðskiptaráð skuli vera vettvangur fyrir nýjar hugmyndir, opnar umræður og skoðanaskipti um framfaramál íslensks atvinnulífs.

Viðskiptaráð á því að taka sér stefnumótandi stöðu sem vettvangur framsækinnar hugmynda og framfara til framtíðar í íslensku atvinnulífi. Fyrir tilstilli tækniþróunar virðist „framtíð“ þessi aldrei hafa nálgast hraðar en einmitt núna en heimurinn er að umbreytast hraðar og af annarri stærðargráðu en áður þekkt. Því er enn mikilvægara nú en áður að sinna þessari mikilvægu stefnumótun og mun Viðskiptaráð ekki skorast undan því, heldur taka sér forystuhlutverk í þeim efnum.

Þannig hefur stjórn Viðskiptaráðs Íslands samþykkt ný leiðarljós fyrir starf sitt næstu misseri sem snýr að Íslandi í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi þar sem tæknin er að endurskrifa leikreglurnar. Á næstu misserum mun við í Viðskiptaráði horfa til framtíðar í gegnum svokallaðar „framtíðarlinsur“ sem hver um sig fangar sérstæðan fókus á efnahagslífið.

Fyrsta linsan sem við höfum nú þegar stillt, beinir athyglinni á tæknibreytingar og samkeppni í stafrænum heimi. Næstu linsur lúta að menntun og breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar, alþjóðlegum viðskiptatengslum, og umhverfi og sjálfbærni.

Í dag horfum við í gegnum stafrænu linsuna: Sjálfvirknivæðing ferla og þjónustu með tilkomu gervigreindar og stafrænnar tækni er orðin slík að skv. McKinsey væri hægt að sjálfvirknivæða um helming allra starfa sem sinnt er af fólki í dag, með tækni sem nú þegar er til. Störf og kröfur fyrirtækja til færni einstaklinga eru að breytast, svo hratt að við eigum erfitt með að undirbúa fólk undir störf framtíðarinnar.

Forsvarsmenn fyrirtækja eru eðlilega undir gífurlegri pressu að átta sig á þessum breytingum og bregðast við. Má í því samhengi nefna að meðallíftími stórra fyrirtækja á lista Standard & Poor's hefur farið úr 60 árum - árið 1960 - í minna en 20 ár í dag.

Sömuleiðis eru stjórnvöld undir þrýstingi að beita sér af alvöru fyrir nýsköpun og aðlögun stjórnsýslunnar að þessum breytta heimi – sem þarf að gerast af meiri krafti og hraða en áður hefur sést. Lönd í kringum okkur eins og Danmörk hafa sett straumhvörf þessi á dagskrá sem forgangsmál, t.a.m. með Disruptionrádet sem Lars Løkke forsætisráðherra Danmerkur situr í forsæti fyrir. Síðar í dag munum við heyra meira um þann framsækna og áhugaverða vettvang. Eistland er einnig dæmi um land sem hefur um langt skeið einfaldlega skilgreint sig sem stafræna þjóð og miðar allar ákvarðanatökur út frá því.

Leiðin til framfara á næstu árum er í gegnum nýsköpun. Nýsköpun sem stuðlar að framleiðniaukningu og hagræði í rekstri, auknum virðisauka, auknum gæðum og betri þjónustu. Nýsköpun eru framfarir sem þurfa að eiga sér stað í öllum kimum samfélagsins – ekki bara í krúttlegum sprotafyrirtækjum heldur einnig í rótgrónum fyrirtækjum, hjá ríki og sveitarfélögum - og í raun hjá hverjum og einum einstaklingi. Já, nýsköpun varðar okkur öll.

Fyrirtæki sem byggja á þekkingu og sköpun munu standa undir sívaxandi hluta verðmætasköpunar í heiminum, og það verður í þannig fyrirtækjum sem áhugaverðustu störfin verða til. Þess vegna þurfum við að leggja áherslu á að skapa hvata og umhverfi sem auðveldar slíka starfsemi. En til að tryggja að fyrirtæki, sem geta verið staðsett hvar sem er í heiminum, velji starfsemi sinni vettvang á Íslandi, þarf umgjörð þeirra að vera samkeppnishæf – hvort sem er að ræða lítil, meðalstór eða stór fyrirtæki. Hér skiptir því máli að fjárhagslegir hvatar og rekstarumhverfi sé til staðar sem laði slík fyrirtæki að frekar en fæli frá. Þetta snýst um samkeppnishæfni Íslands til framtíðar.

Það er því ánægjulegt að sjá, að í málefнасáttmála ríkisstjórnarinnar kemur orðið „nýsköpun“ fyrir á átján stöðum. Þessi áhersla kemur líklega ekki á óvart enda er öllum ljóst að sköpun nýrra verðmæta er grundvallarforsenda áframhaldandi velmegunar og velsældar í samfélaginu. Ennfremur eykst stöðugt

umræða um fjórðu iðnbyltinguna sem líkleg er til þess að umturna atvinnuháttum á mörgum sviðum, með tilheyrandi óvissu og umbreytingu á samfélaginu.

Efnahagsaðstæður á Íslandi eru nú með allra besta móti. Slíkt góðæri þarf að nýta til þess að tryggja þær undirstöður sem hægt er að treysta á þegar í harðbakkann slær. Rétti tíminn til þess að horfa fram á við, móta stefnu Íslands til framtíðar, er því núna.

Við skorum því á forystufólk þjóðarinnar, menntastofnanir og atvinnulífið í heild að hefja slíka stefnumótun til að tryggja að hér megi ríkja stöðugleiki og hagsæld til lengri tíma.

Dominic Barton, sem hélt fyrirlestur á aldarafmælishátíð Viðskiptaráðs í september síðastliðnum hafði orð á því að þjóð sem okkar gæti haft forskot hvað hraða og stefnu varðar. Kosturinn við fámennið er að við getum verið hnitmiðaðri og ákveðnari í stórum stefnumálum. En til þess að svo megi verða þarf að vera einhugur um grundvallaratriðin og stefnuna. Við erum of fá til að skiptast í fylkingar og ala á sundrung.

Góðir gestir

Mér hefur verið tíðrætt um fjölbreytileika þau tvö ár sem ég hef starfað sem formaður Viðskiptaráðs, og höfum við unnið með verkefnahóp á þeim sviðum innan ráðsins, þar sem við skoðum fjölbreytileika útfrá hinum ýmsu breytum, aldri, kyni, þjóðerni, rekstarformi og atvinnustarfsemi. Ástæða áherslu minnar á fjölbreytileika er sú að ég hef þá trú, studda með hinum ýmsu rannsóknum, að fjölbreytileiki á öllum sviðum skili hagsæld og arðsemi. Einsleitni er að mínu mati ávisun á stöðnun og hnignun. Ég finn mig knúna til að benda á eina staðreynd í þeim efnum og það er staða kvenna í forsvari fyrir íslensk fyrirtæki, en í dag eru einungis 8% kvenna sem stýra 400 stærstu fyrirtækjum landsins, það er því í 92% tilvika sem þeim stýrt af karlmönnum. Ef við setjum það í samhengi við salinn hér í dag, sem í sitja um 600 manns, þá ættu í salnum eingöngu að sitja 48 konur. Værum við sátt við það? Að á Viðskiptaþingi árið 2018 sætu eingöngu 48 konur? Ég held ekki, og vil því hvetja stjórnir, stjórnendur og eigendur fyrirtækja að horfa til fjölbreytileika og ég lofa ykkur persónulega að það mun skila árangri.

Þetta leiðir mig að #metoo byltingunni, þar sem aldalöng þöggun um framkomu, yfirgang og ofbeldi gagnvart konum hefur verið afhjúpuð – eitthvað sem er ólíðandi og smánarblettur í öllum samfélögum og atvinnugreinum. Við í íslensku viðskiptalífi fordæmum slíka háttsemi. Ég hef verið spurð hvers vegna konur í viðskiptalífinu hafa ekki myndað hóp undir merkjum #metoo og er fátt um svör hjá mér – það má þó velta fyrir sér hvort að sú staða sem ég lýsti áðan, með hlutfall kvenna sem stýra íslenskum fyrirtækjum, spili eitthvað hér inni í – að við konur sem störfum innan viðskipta séum ennþá háðar karlkyns stjórnendum um frama okkar og því heyrast rödd okkar ekki undir merkjum #metoo.

En hvernig tökumst við á við slíkt verkefni – sem er svo stórt og mikið. Við þurfum að byrja á að skoða þá menningu sem viðgengst í fyrirtækjum okkar – hér kemur fjölbreytileikinn enn og aftur til sögunnar, um leið og við höfum fleiri skoðanir og viðhorf við borðið, þá eykst víðsýni okkar og umburðalyndi gagnvart hvort öðru. Saklaus kærskni getur verið meiðandi, sem og ómeðvitaðir og meðvitaðir kynbundnir fordómar – en hvernig finnum við rétta tóninn – það getum við gert t.d með því að spyrja okkur einfaldrar spurningar: Myndi ég koma svona fram við, eða tala þannig við dóttur mína – eða vilja

að aðrir gerðu það? Um leið og við persónugerum þetta, þá er auðveldara að vita svarið. Ég hvet því alla stjórnendur landsins til að huga að menningu sinna fyrirtækja, horfa inná við og meta hvort að ómeðvitaðir eða meðvitaðir kynbundnir fordómar viðgangist innan þeirra raða.

Íslenskt viðskiptalíf hefur tekið þátt í að móta íslenskt samfélag og mun gera það áfram. Viðskiptaráð Íslands mun leggja sitt á vogarskálarnar til að efla viðskipti sem skila aukinni hagsæld til þeirra sem landið byggja. Enn á ný stöndum við frammi fyrir byltingu, sem mun kollvarpa kerfum og því hvernig hlutirnir hafa verið gerðir. Það eru því spennandi tímar framundan í íslensku samfélagi og viðskiptalífi. Þar skiptir máli að vinna saman sem heild, þvert á atvinnulífið, stjórn málin og samfélagið.

Góðir fundargestir

Með þessum orðum þakka ég fyrir mig og fel Ástu Sigríði fundarstjórnina á nýjan leik.